

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 2004.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	Skýringar	kr.
Vaxtatekjur og verðbætur		42.574.391
Söluhagnaður eigna		<u>4.865.226</u>
Fjármunatekjur alls:		<u>47.439.617</u>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld		<u>0</u>
Fjármagnsgjöld alls:		<u>0</u>
Hreinar fjármunatekjur:		<u>47.439.617</u>
Aðrar tekjur:		
Framlag sveitarfélaga		33.121.670
Framlag ríkissjóðs		10.000.000
Búnaðargjald		<u>40.027.106</u>
Aðrar tekjur alls:		<u>83.148.776</u>
Tekjur alls:		<u>130.588.393</u>
Styrkveitingar:		
Styrkir	8	<u>48.142.994</u>
Styrkveitingar alls:		<u>48.142.994</u>
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld:		<u>82.445.399</u>
Rekstrargjöld:		
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	7	17.020.081
Sérkostnaður	9	5.439.166
Afskriftir	2	<u>429.838</u>
Rekstrargjöld alls:		<u>22.889.085</u>
Hagnaður fyrir skatta:		59.556.314
Fjármagnstekjuskattur		4.257.436
Tekjur umfram gjöld:		<u><u>55.298.878</u></u>

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2004. Haldnir voru 5 stjórnarfundir. Húsnæði sjóðsins og samstarfsstofnana að Háaleitisbraut 11 var selt á árinu og keypt 5. hæðin í húseigninni Borgartúni 30. Skrifstofuhald er sameiginlegt með Lánasjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eins og verið hefur mörg undanfarin ár. Samkvæmt samstarfssamningi er þátttaka Bjargráðasjóðs í sameiginlegum kostnaði á árinu 2004 kr. 17.020.081.

Á árinu 2004 voru tekjur sjóðsins umfram gjöld kr. 55.298.878. Alls voru samþykktir styrkir að fjárhæð kr. 48.142.994.

Eigið fé í árslok nemur 515,9 milljónum króna á móti 460,7 milljónum árið áður og hefur því hækkað um 55,3 milljónir á árinu eða um 12,0%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2005.

Sesselja Árnadóttir.

Guðbjartur Gunnarsson.
Hörður Harðarson.

Ríkharð Brynjólfsson.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason framkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 22. febrúar 2005.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.